

1872.

14. febrúar.

17. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skuldir umboðsmanns Sveins Þórarinssonar¹.

Í bréfi 18. oktbr. f. á. hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá, að tveir af þeim fimm jarðarpörtum, sem ríkissjóðurinn tók fyrir skuldir umboðsmanns Sveins heitins Þórarinssonar uppi tekjur, sem hann hafði heimt saman: 5 hundr. í Nýjabæ og 10 hundr. í Gunnólsfá, væri seldir, samkvæmt leyfi því, sem dómsmálastjórnin hafði veitt til þess í bréfi sínu 16. júní f. á., fyrir 155 rd. og 250 rd., þannig, að kaupendur hafa borgað í peningum $\frac{2}{3}$ parta eða að samtöldu 202 rd., sem þér senduð ávísun til, og gefið fyrsta veðrètt í jörðunum fyrir $\frac{3}{5}$ pörtum af kaupverðinu. Að því leyti, er snertir hinar þrjár jarðirnar, sem ríkissjóðurinn hefir tekið, þá hafa engir kaupendur að þeim gefið sig fram ennþá, en hinir fyrri eigendur að 10 hundr. í Sólborgarhóli og 10 hundr. í Stokkahlöðum hafa skotið til landsyfirrættarins lögtakinu og upphöðinu á jörðunum; samt hefir eigandi linnar fyrnefndu jarðar látið í veðri vaka, að hann mundi leysa aptur jarðarpartinn, ef hann felli á málinu. Jafnframt hafið þér, herra amtmaður, sent hingað ávísun til 193 rd. 11 sk., sem er það, sem eptir var af skuld Sveins Þórarinssonar til ríkissjóðsins.

Eptir að dómsmálastjórnin hefir skrifazt á við fjárstjórnina útaf þessu, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til frekari ráðstöfunar, það, sem hér skal sagt.

Með því það er hinn danski ríkissjóður, sem hefir eignazt jarðir þessar uppi skuld Sveins Þórarinssonar, verður umboðsmaður Möðruvallaklausturs, sem ætlazt er til að taki við stjórn yfir jörðunum, að semja sérstaklegan reikning um þær, og borga afgjöldin af þeim, að frádregnum $\frac{1}{6}$ parti í umboðslaun, þannig, að þau sé talin með tekjum aðalfjárhirzlunnar hér í borginni. Að öðru leyti er það ósk fjárstjórnarinnar, að leitazt verði við að selja jarðirnar, svo fljótt sem verða má, annaðhvort þeim, sem áður áttu þær, fyrir sama verð og ríkissjóðurinn tók þær

¹) Tilfíndi um stjórnarmálefni Íslands III., 76 og 187.

1872.

14. febrúar.

fyrir, og með þeim skilmálum, sem settir eru í bræfi dómsmála-stjórnarinnar 16. júní f. á., eða svo framarlega sem þau kaup ekki geta fram farið, þá öðrum, ef það mætti verða án skaða fyrir ríkissjóðinn, og mælumst vèr því til, að þèr, herra amtmaður, gáði að, að nota þau tækifæri, sem bjóðast kynni til þess að selja jarðarpartana, en eigi verður við því búizt, að það heppnist vel með þær tvær jarðirnar, sem mál nú eru risin útaf, fyr en þau eru útkljáð, og væntum vèr að fá skýrslu frá yður um þetta, þegar tími er til kominn.

Að því, er snertir veðmálabrèf þau, sem kaupendurnir að 5 hundr. í Nýjabæ og 10 hundr. í Gunnólsá hafa gefið fyrir $\frac{3}{5}$ af kaupverðinu, eða hver um sig fyrir 93 rd. og 210 rd., skal amtið varðveita þau, og verðið þèr að sjá um, að borgun uppí skuldina og vextir verði goldnir á tilteknum tíma, og það ritað á skuldabréfin, og skuluð þèr borga það allt sem tekjur aðalfjár-hirzlunnar hèr í borginni.

Það vèr enn ekki höfum fengið neina skýrslu um það, að prófastur sèra Daniel Halldórsson hafi goldið kaupverðið, 604 rd., fyrir þau 10 hundr. í Eyrarlandi, sem hann hefir keypt, en það átti eptir bræfi amtsins 28. febr. f. á. að vera gjört innan 1. apríl f. á., annaðhvort með því að senda ávísun, eða greiða upphæðina til jarðabókarsjóðsins, leiðum vèr eigi hjá oss að minna yður á þetta mál.

Að endingu mælumst vèr til, að fá álit yðar um, hvernig á því standi, að amtið eptir skýrslu þeirri, sem það sendi með nefnda bræfi sínu um ástand bús Sveins Þórarinssonar, hefir tilkynnt skiptaréttinum í búinu, að krafa ríkissjóðsins væri 2422 rd. 11 $\frac{1}{2}$ sk., sem svo var goldið til ríkissjóðsins, en stjórnardeild reikningsmálanna hefir skýrt svo frá, að skuld Sveins Þórarinssonar væri 2358 rd. 28 sk., sumsè fyrir fjárhagsárið 1866—67 829 rd. og fyrir fjárhagsárið 1867—68 1529 rd. 28 sk.